

- c) Sprengi- og tundurefni ásamt púðri og hvellhettum í búnað samkvæmt a- og b-lið.
- d) Sérhvert það tæki sem ætlað er til dreifingar efna í kjarnorku-, lífrænum- eða efna-hernaði, sem og hleðslu í þau.

Við skilgreiningu hergagna samkvæmt reglugerð þessari skiptir eigi máli hvort hergagnið er flutt samansett eða í hlutum.

Til hergagna teljast þó ekki venjuleg veiði- og markskotvopn, sem og neyðar- og viðvörunarbúnaður loftfarsins og annað það sem nauðsynlegt má telja vegna öryggis flugsins, áhafnarinnar og farþeganna. Sama gildir um skotelda o. þ. h., sbr. 1. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

5. gr.

Viðurlög.

Brot á 2. gr. reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 84. gr. sömu laga.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 eins og henni var breytt með lögum nr. 75/2005, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 348/1983 um flutning hergagna með loftförum.

Samgönguráðuneytinu, 18. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi hesthúsasvæðis á Varmárbökkum.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt á fundi sínum þann 21. september sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi hesthúsasvæðis á Varmárbökkum, Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í að heimilt er að reisa reiðhöll, aðstöðu fyrir reiðskóla ásamt bíla-stæðum á svæðinu. Stærð lóðar er 15.982 m² og stærð byggingarreits 4.050 m². Hámarks-hæð húss er 11 m.

Breyting á deiliskipulagi Reykjavegar 36.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt á fundi sínum þann 31. ágúst sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavegar 36 í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í að lóðin er stækkuð úr 10.640 m² í 11.165 m² til austurs. Heildarbygg-ingarmagn er aukið úr 2.338 m² í 3.350 m². Hámarkshæð húss verður 8,4 m. Nýtingarhlut-fall verður 0,3.

Breyting á deiliskipulagi í Laugabólslandi, Dalsá og Fell.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt á fundi sínum þann 21. september sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Laugabólslandi, Dalsá og Fell, í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að reisa nýtt íbúðarhús á lóð Fells, jafn-framt er aðkoma að lóðinni færð til. Heimilt er að byggja viðbótarhús á lóð Dalsár. Óheim-ilt er að endurbyggja hús sem standa utan byggingarreits.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 17. október 2005,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um niðurfellingu svæðisskipulags sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest niðurfellingu svæðisskipulags sveitarfélaganna sunnan Skarðs-heiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Svæðisskipulag sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 er í heild sinni fellt úr gildi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar um svæðisskipulag sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.